



Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 3. desember 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verðbréfamistöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, 370. mál

Samtök atvinnulífsins (SA) vísa til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 20. nóvember 2019 þar sem óskað var umsagnar SA um ofangreint mál.

Með frumvarpinu er reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamistöðvar (CSDR reglugerðin) innleidd í íslenskan rétt. Reglugerðin tók gildi í Evrópusambandinu árið 2014 og inniheldur fyrstu samræmdu evrópulöggjöfina sem hefur þýðingu fyrir EES sem tekur til reksturs verðbréfamistöðva og verðbréfauppgjors. Reglugerðinni er m.a. ætlað að stuðla að aukinni samkeppni milli verðbréfamistöðva innan EES, en í kjölfar gildistökkunnar verður m.a. öllum verðbréfamistöðvum innan EES gert skylt að sækja um nýtt starfsleyfi á grundvelli reglnanna.

Innleiðing löggjafarinnar mun hafa verulega jákvæð áhrif á íslenskan fjármálamarkað og opnar aðgang erlendra fjárfesta inn á héraðan markað. Eins og staðan er núna gera séríslenskar kröfur það að verkum erlendir fjárfesta veigra sér við að leita inn á markaðinn. Það yrði því mikil réttarbót í því að innleiða uppgjörskerfi sem byggir á alþjóðlegum stöðlum. Af þeim sökum fagna SA innleiðingu reglugerðarinnar með fyrirbyggjandi frumvarpi.

Við innleiðingu ESB-reglugerða sem falla innan sviðs EES-samningsins í íslenskan rétt gefst ekki svigrúm til aðlögunar. Gerðirnar eru innleiddar með tilvísunaraðferð þannig að þeim er veitt lagagildi í heild sinni. CSDR reglugerðinni er sérstaklega ætlað að ná fram hámarkssamræmingu og auka samkeppni verðbréfamistöðva á jafnræðisgrundvelli innan EES. Ef settar eru séríslenskrar reglur í frumvarpið verður íslenski markaðurinn minna aðlaðandi fyrir erlendar verðbréfamistöðvar og samræmingin verður takmarkaðri. Það vinnur því gegn markmiði innleiðingarinnar. Vegna smæðar íslenska efnahagssumhverfisins er mikilvægt að kröfum reglugerðarinnar sé fylgt í einu og öllu og ekki gengið lengra en þörf er á.

Dæmi um séríslensk ákvæði er að finna í 21. gr. og 22. gr. frumvarpsins um hlutlæga ábyrgð verðbréfamistöðva og reikningsstofnana en sambærileg ákvæði er ekki að finna í CSDR reglugerðinni. Þau rök sem almennt eiga við um hlutlægar bótareglur eiga ekki við í þessu tilviki. Í 5. mgr. 8. gr. frumvarpsins má finna ákvæði er skyldar reikningsstofnun að framkvæma án tafar skráningu í kerfi verðbréfamistöðvar í ákveðnum tilvikum. Fyrir skráninguna er reikningsstofnuninni heimilt að ákvarða hæfilega þóknun sem birt skal í gjaldskrá á vefsvæði reikningsstofnunar. Í athugasemdum greinargerðar með frumvarpinu er hæfileg þóknun skýrð sem sanngjörn og hófleg. Að mati SA er óeðlilegt að löggjafinn lögfesti ákvæði um óljósan mælikvarða á verðlagningu á þjónustu fyrirtækja sem eru í samkeppnisrekstri. Loks er í 30. gr. frumvarpsins mælt fyrir um sektarviðurlög og allt að 2 ára fangelsisrefsingu ef brotið er gegn ákvæðum CSDR. Refsiramminn í Noregi fyrir sambærileg brot eru sektir eða fangelsi allt að einu



ári. Það eru engin rök fyrir því að refsingar héraendis skuli vera tvöfalt þyngri en í Noregi. Eðlilegra væri að taka mið af framkvæmdinni á Norðurlöndum.

SA eru því fylgjandi að frumvarpið verði að lögum og reglugerðin þar af leiðandi innleidd sem fyrst. Að mati SA er þó mikilvægt að innleiðingin fari fram án setningu reglna sem innihalda séríslenskar kröfur.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins,

Heiðrún B. Gísladóttir

Heiðrún Björk Gísladóttir